



## FUNDARGERÐ 501. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 14. ágúst 2024. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

**Fundarstjóri:** Árelía Eydís Guðmundsdóttir, formaður stjórnar.

**Fundarritari:** Gunnar Dofri Ólafsson.

**Sækja staðfund:** Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, og Svana Helen Björnsdóttir.

**Sækja fjarfund:** Gunnar Valur Gíslason, Sigrún Hulda Jónsdóttir í fjarveru Orra Hlöðverssonar, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fjarfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

### Tekið fyrir

#### 1. Sex mánaða uppgjör SORPU bs.

Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri gera grein fyrir sex mánaða uppgjöri SORPU. Tekjur SORPU aukast um 11% umfram áætlun á fyrri hluta árs og launakostnaður er 6% undir áætlun. Rekstrargjöld aukast um 18% umfram áætlun. Rekstrarhagnaður (EBITDA) á fyrri hluta árs er 533.958.020 krónur, 18% undir áætlun.

Hagnaður fyrri hluta árs er 211.171.384 krónur, 22% undir áætlun.

#### 2. Forsendur og markmið fjárhagsáætlunar 2025

Fjármálastjóri gerir grein fyrir helstu forsendum fjárhagsáætlunar ársins 2025. Stjórn samþykkir framlagðar forsendur.

#### 3. Skipulag SORPU

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir fyrirhuguðum breytingum á skipulagi SORPU. Með breytingunum er stefnt að því að bæta og samþætta þjónustu SORPU við almenning og stuðla að samræmi í þjónustuveitingu. Markmið með breytingunum er auk þess að valdefla starfsfólk, aukið öryggi og vellíðan í starfi.



#### **4. Önnur mál**

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir fyrirhugaðri ferð til Finnlands til að skoða hátæknisorprensulur. Áhugi er á að stjórn SORPU og framkvæmdastjórar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu taki þátt í ferðinni.

#### **Næsti fundur**

Næsti fundur er boðaður 4. september klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:58.